



Efni: Tillaga um ráðningu í starf borgarlögmanns

Lagt er til að borgarráð samþykki að ráða Ebbu Schram, hrl. í starf borgarlögmanns,

Greinargerð:

Starf borgarlögmanns var auglýst á vef Reykjavíkurborgar og í Fréttablaðinu þann 17. júní sl.

Frestur til að sækja um starfið var til 3. júlí 2017. Skipuð var ráðningarnefnd og í henni sátu Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar og Stefán Eiríksson borgarritari og var starfsmaður nefndarinnar Auður Björgvinsdóttir mannauðsráðgjafi í mannauðsdeild Ráðhúss.

Helstu verkefnum borgarlögmanns var lýst svo í auglýsingu:

- Borgarlögmaður fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg varðandi lögfræðileg málefni.
- Borgarlögmaður annast lögfræðilega ráðgjöf og gerð álitsgerða og umsagna til borgarráðs, borgarstjóra, fagsviða og fyrirtækja Reykjavíkurborgar.
- Borgarlögmaður fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg gagnvart dómstólum og ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi.
- Ábyrgð á rekstri, þjónustu og mannauðsmálum embættis borgarlögmanns.
- Borgarlögmaður tilheyrir yfirstjórn Reykjavíkurborgar.
- Borgarlögmaður er einn þriggja staðengla borgarstjóra.

Í auglýsingu um starfið voru eftirtaldar hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Embættispróf eða kandídatspróf í lögfræði.
- Réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.
- Reynsla af málflutningi.
- Þekking á sveitarstjórnarrétti og verkefnum sveitarfélaga æskileg.
- Leiðtogaþæfileikar og reynsla af stjórnun æskileg.
- Geta til að vinna undir á lagi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar og tjá sig vel í ræðu og riti á íslensku og ensku. Góð kunnáttu í norðurlandamáli, ræðu og riti, æskileg.

Tvær umsóknir bárust um starfið og voru umsækjendur Ebba Schram og Ástráður Haraldsson.

Ráðningarárnefnd ásamt ráðgjafa úr mannauðsdeild Ráðhúss kynnti sér umsóknirnar sem bárust og mátu umsóknir út frá þeim hæfniskröfum sem tilgreindar voru í auglýsingu og lagðar voru til grundvallar fyrir ráðningu í starfið. Ákveðið var að boða báða umsækjendur í viðtal þann 12. júlí og fengu báðir umsækjendur sömu spurningar. Einnig var lagt fyrir verkefni föstudaginn 7. júlí sem umsækjendur áttu að kynna í viðtalini sem reyndi m.a. framsýni og metnað umsækjenda.

Að teknu tilliti til menntunar og reynslu sem metin var af fyrirliggjandi umsóknargögnum, í starfsviðtöllum og með öflun umsagna var Ebba Schram metin hæfasti umsækjandinn í starf borgarlögmanns. Nánari upplýsingar sem rökstyðja fyrrgreinda ákvörðun eru eftirfarandi:

Embættispróf eða kandídatapróf í lögfræði.

Ebba lauk embættisprófi í lögfræði (cand.jur) frá Háskóla Íslands árið 2007.

Réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti

Ebba öðlaðist réttindi til málflutnings í héraðsdómi árið 2009 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2016.

Reynsla af málflutningi

Ebba öðlaðist málflutningsréttindi 2009 og hefur flutt um fimmtíu mál fyrir héraðsdómi. Ebba starfaði á árunum 2011-2013 á lögmannstofunni LEX. Annaðist hún hagsmunagæslu og rekstur mála fyrir héraðsdómi. Í starfi sínu hjá Reykjavíkurborg á árunum 2009-2011 og frá 2013 til dagsins í dag hefur Ebba flutt mál fyrir hönd Reykjavíkurborgar er varða hin ýmsu svið lögfræðinnar. Þá hefur Ebba flutt átta mál fyrir Hæstarétti Íslands.

Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu

Ebba hefur rúmlega átta ára reynslu af störfum innan stjórnsýslunnar. Verkefni hennar hafa verið fjölbreytt og snert mörg réttarsvið. Hún hefur m.a. sinnt lögfræðilegri ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða, stjórnenda, starfsmanna og lögfræðinga á fagsviðum borgarinnar. Einnig hefur Ebba haft fyrirsvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar í málum sem hafa verið rekin fyrir dómstólum, kæru- og úrskurðarnefndum og eftirlitsstofnunum. Þá hefur Ebba reynslu af því að sitja fundi stjórnsýslunefnda má þar nefna að hún hefur setið fundi borgarráðs sem staðengill borgarlögmanns og er ráðinu til lögfræðilegrar ráðgjafar. Ebba hefur sinnt fræðslu til stjórnenda og starfsmanna Reykjavíkurborgar varðandi ýmis mál tengd opinberri stjórnsýslu. Re却nsla hennar og þekking af opinberri stjórnsýslu er því bæði fjölbreytt og viðamikil á nær öllum sviðum stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og einnig af flóknum og viðamiklum samskiptum við ríkið og önnur sveitarfélög. Jafnframt nær sú reynsla til samskipta og samningsgerðar við bæði opinbera- og einkaaðila á ýmsum sviðum, þar á meðal á sviði skipulagsmála og velferðarmála. Hún hefur sinnt lögfræðilegri ráðgjöf til stjórnenda og lögfræðinga bæði á fagsviðum og í miðlægri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar

vegna starfsmannamála, vegna áminningar- og ráðningamála, sem og vegna kjara- og launamála starfsmanna og stjórnenda. Að auki hefur hún komið að stefnumörkun á sviði mannauðsmála stjórnenda og starfsmanna hjá Reykjavíkurborg og hjá viðsemjendum Reykjavíkurborgar.

Þekking á sveitarstjórnarrétti og verkefnum sveitarfélaga æskileg

Ebba hefur góða þekkingu á málefnum sveitarfélaga og þekkir vel til lagarammans um sveitarstjórnarstigið. Hún þekkir vel til stjórnsýslu sveitarfélaga, hlutverka sveitarstjórna og lögbundinna verkefna sveitarfélaga. Þá þekkir hún lög og venjur sveitastjórnarréttar meðal annars um nefndir og ráð og eftirlitshlutverk. Hún hefur starfað að lögfræðimálum sveitarfélaga í átta ár og á þeim tíma komið að verkefnum á nær öllum sviðum starfsemi Reykjavíkurborgar. Þá hefur hún einnig komið að verkefnum á verkefnasviði fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar og flóknum úrlausnarefnum þar sem reyndi á ríkisstyrkjareglur EES-réttarins. Hún hefur mikla reynslu af meðferð mála sem tengjast starfsemi velferðarsviðs, þar á meðal barnaverndarmálum og lögræðismálum, svo og af meðferð skaðabótamála hjá Reykjavíkurborg.

Leiðtogaþæfileikar og reynsla af stjórnun æskileg

Ebba hefur verið virkur staðgengill borgarlögmánnar síðastliðin fjögur ár og hefur hún öðlast reynslu í stjórnun, þar á meðal með úthlutun verkefna, leiðbeiningum til annarra starfsmanna embættisins og öðrum starfsmannamálum, bæði í fjarveru borgarlögmánnar og í samvinnu við hann. Ebba hefur verið formaður stjórnar Sílusar undanfarin ár. Þar sem engir starfsmenn eru hjá féluginu starfar stjórnin í raun sem framkvæmdastjórn félagsins. Hefur Ebba í starfi sínu sem formaður stjórnar tekið virkan þátt í lausn álitaefna sem upp hafa komið í rekstri félagsins. Hún hefur einnig reynslu af verkefnastjórnun sem verkefnastjóri slysa- og skaðabótamála hjá embætti borgarlögmánnar árin 2010 og 2011.

Geta til að vinna undir álagi

Ebba hefur unnið síðastliðin tíu ár, bæði á lögmannstofu LEX og á skrifstofu borgarlögmánnar, að verkefnum sem krefjast mikillar nákvæmni og hafa miklir hagsmunir verið í húfi. Ebba þekkir vel slíkt umhverfi og þrífst vel í því. Þessi eiginleiki Ebbu var studdur af umsagnaraðilum sem sögðu hana vinna vel undir álagi.

Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Ebba sýndi góða hæfni í mannlegum samskiptum. Hún er vel liðin af samstarfsfólki og á auðvelt með að fara inn í erfið mál og vinna sér inn traust og trúnað aðila. Þessi eiginleiki Ebbu var studdur af umsagnaraðilum.


Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Ebba hefur í sínum fyrri störfum sýnt mikið sjálfstæði og frumkvæði í starfi, m.a. í málum er varða slysatryggingar starfsmanna og beingreiðslusamninga. Umsagnaraðilar nefndu að Ebba legði metnað í störf sín og að hún geri miklar kröfur til sín í þeim verkefnum sem hún tekur að

sér. Þá hefur Ebba skýra framtíðarsýn fyrir embætti borgarlögmanns þar sem hún hefur að leiðarljósi fagmennsku, skilvirkni og vönduð vinnubrögð. Þá vill Ebba efla samstarf lögfræðinga sem að vinna hjá Reykjavíkurborg.

Hæfni til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar og tjá sig vel í ræðu og riti á íslensku og ensku. Góð kunnátta í norðurlandamáli, ræðu og riti, æskileg

Ebba hefur gott vald á íslenskri tungu og hefur stór hluti hennar starfs falist í ritun texta og málflutningi. Ebba hefur gott vald á ensku og hefur notað tungumálið í starfi sínu meðal annars í samskiptum við EFTA. Þá talar Ebba dönsku vel en hún hefur verið búsett í Danmörku.



Dagur B. Eggerthsson